

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Hildur Helga Gísladóttir, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Tómas Ingi Torfason ásamt Eddu Kjarval.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 16. nóvember 2022.
2. Sjálfbóðaliði ársins-lærdómur.
3. Fundur fólksins, skýrsla og næsta hátíð; starfshópur.
4. Athugasemdir til Skattsins-eftirfylgd.
5. Tillaga um ráðstefnu um frjáls félagasamtök.
6. Næstu námskeið og fundir.
7. Samfélagleg nýsköpun, staðan; tillaga um nýsköpunarsjóð.
8. Tilnefning í sjálfbærni ráð.
9. Aðildarfélag, umsókn U3A til afgreiðslu.
10. Norrænt samstarf.
11. Önnur mál:
Starfsmannamál.

1. Fundargerðin samþykkt.

2. Sjálfbóðaliði ársins – lærdómar.

Tíu tilnefningar bárust um sjálfbóðaliða ársins. Fyrir valinu varð eftir ítarlega yfirferð Guðjón Bjarni Eggertsson, tilnefndur af IOGT á Íslandi. Fjölmiðlum var send fréttatilkynning um valið á degi sjálfbóðaliðans, 5. desember, og frétt um það birt á vefsíðu Almannaheilla. Allir sem tilnefndir voru fengu kveðju og þakkir frá Almannaheillum. Formaður þakkaði Laufeyju fyrir að leiða þetta verkefni. Í umræðum kom fram að æskilegt væri að fleiri kæmu að valinu þar sem hætta væri á að fólk væri vanhæft vegna tengsla við þá sem tilnefndir eru. Einnig að huga ætti að því að setja valinu einhver viðmið til þess að draga úr hinum huglæga þætti við valið.

3. Fundur fólksins, skýrsla og næsta hátíð; starfshópur.

Ásdís Eva kynnti skýrslu frá fundinum í haust og sagði frá samskiptum við fulltrúa Reykjavíkurborgar um samninginn um Fund fólksins. Í samskiptum við borgina hefur komið fram af hennar hálfu mikil áhersla á ungmenni. Rædd áfram sú hugmynd að færa hátíðina frá hausti til vors, kosti þess og galla. Stefnt er að því að kalla saman starfshópinn um framkvæmd Fundar fólksins snemma í janúar. Æskilegt er að fjölga í hópnum. Formaður setur sig í samband við nokkra sem komu til umræðu á fundinum.

4. Athugasemdir til Skattsins – eftirfylgd.

Formaður er búinn að senda Skattinum athugasemdir varðandi skráningu á almannaheillaskrá. Engin viðbrögð hafa borist. Rætt um að æskilegt væri að aðildarfélagin sendi Skattinum einnig athugasemdir til þess að fylgja þeim betur eftir.

5. Tillaga um ráðstefnu um frjáls félagasamtök.

Hugmynd frá formönnum Geðhjálpar og Neytendasamtakanna, sem rædd var á síðasta fundi stjórnar, um að halda ráðstefnu eða málþing um frjáls félagasamtök var rædd áfram. Formaður hefur átt fund með samtökunum um hugmyndina. Stjórn tekur jákvætt í hugmyndina. Formanni falið að koma því til skila en óska jafnframt eftir hugmyndum og tillögum um framkvæmdina og frekari útfærslu frá samtökunum.

6. Næstu námskeið og fundir.

Kynnt að Inga Jóna hjá Bókhalldi og kennslu ehf. sem sá um bókhaldsnámskeiðið sem haldið var síðastliðið vor getur haldið námskeið mánudagana 6., 13., 20. og 27. febrúar. Námskeiðið verður með sama sniði og í vor, það er haldið á netinu, og miðað við að lágmarki 20 þátttakendur. Samþykkt að námskeiðsgjald verði 17.500 krónur. Edda mun setja upp kynningu á námskeiðinu og senda aðildarfélögum sem fyrst. Námskeið í fundarstjórn, sem til stendur að halda í samstarfi við UMFÍ, er í vinnslu. Fyrirhugað er að það verði haldið um miðjan febrúar, en nánari tímasetning skýrist betur í byrjun janúar. Hugmyndir að síðdegisfundum/umræðufundum Almannaheilla verða kynntar á næsta fundi stjórnar.

7. Samfélagsleg nýsköpun, staðan; tillaga um nýsköpunarsjóð.

Unnið er áfram að samstarfinu við Garðabæ en engin ný skref hafa verið stigin. Formaður á fund með nýsköpunarráðherra 18. janúar næstkomandi. Rætt um að koma þurfi á samkomulagi við ráðuneytið um nýsköpun. Tillaga um að setja 3 milljónir í sérstakan nýsköpunarsjóð samþykkt samhljóða.

8. Tilnefning í sjálfbærni ráð.

Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningum frá þriðja geiranum í Sjálfbærni ráð. Fram hefur komið áhuga af hálfu UMFÍ um að tilnefna fulltrúa. Formaður kannar þann áhuga nánar.

9. Aðildarfélag, umsókn.

Samtökin U3A, Háskóli þriðja aldursskeiðsins, hefur sent inn beiðni um aðild að Almannaheillum. Búið er að fara yfir nauðsynleg gögn. Stjórn samþykkir samhljóða aðild U3A að Almannaheillum. Formaður tilkynnir samtökunum það. Rædd var ósk U3A um afnot af húsnæði Almannaheilla til fundarhalda og verkefnavinnu. Formanni falið að ræða það nánar við forsvarsfólk U3A og heimilað að ganga frá samkomulagi um afnot af húsnæðinu.

10. Norrænt samstarf.

Formaður sagði frá beiðni um að Almannaheill taki að sér að leiða starf eins af starfshópum Nordic Civil Society Network. Samþykkt að Almannaheill ráði ekki við slíkt verkefni að sinni. Formaður kynnir þá niðurstöðu stjórnarinnar.

11. Önnur mál

- Starfsmannamál:** Rætt um starfsmannamál og mikilvægi þess að Almannaheill geti haldið úti starfsmanni, að minnsta kosti í hlutastarfi. Formanni falið að vinna að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.